

MS félag Íslands

Fundargerð aðalfundar 2014

Aðalfundur félagsins haldinn þann 20. september 2014 kl. 13.00 að Sléttuvegi 5.

Fundinn sátu 25 félagsmenn.

Fundarstjóri var Steinunn Þóra Árnadóttir og fundarritari var María Þorsteinsdóttir.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar:

Berglind Guðmundsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir því helsta í starfsemi félagsins á árinu. Grunnstoðir í þjónustu voru þær sömu og áður þ.e. námskeið, félagsráðgjöf, útgáfa MeginStoðar og þjónusta MS-Setursins. Félagsmönnum stóð til boða yoga, jafnvægisþjálfun og reiðnámskeið og helstu skemmtanir voru t.d. páskabingó, jólaball og fagnaður á Alþjóðadegi MS. Atlantsolía styrkti veitingar á Alþjóðadeginum, Pollapönkarar o.fl. skemmtu og fyrirtæki voru með sýningar á hjálpartækjum.

Stuðnings- og spjallhópar eru á ýmsum stöðum á landinu, út komu tvö tímarit á árinu og heimasíðan birtir fréttir og upplýsingar.

Félagið var virkt í norrænu samstarfi og var haustfundurinn haldinn hér í lok október. Heiða Björg Hilmisdóttir var kosin varaformaður norrænu samtakanna. Einnig er þátttaka í Evrópu- og Alþjóðasamtökum MS.

Formaður ræddi um fjármál félagsins og gat þess meðal annars að starfi framkvæmdarstjóra er enn sinnt launalaust af henni sjálfri, Sigurbjörgu Ármannsdóttur og Bergþóru Bergsdóttur.

Að lokum þakkaði formaður einstaklingum og fyrirtækjum sem styrktu félagið og flutti félagsmönnum þakkir stjórnarinnar og starfsfólks fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

2. Endurskoðaður ársreikningur:

Bergþóra Bergsdóttir, gjaldkeri, kynnti ársreikning 2013. Ánægjulegur viðsnúningur varð á fjárhagsstöðu félagsins miðað við árið áður og var rekstrarhagnaður ríflega 15 milljónir á sl. ári. Tekjur af símasöfnum auk þess sem einn starfsmaður var á launum í stað tveggja áður skýra hagnaðinn. Aðrir liðir s.s. hagnaður af útgáfu MeginStoðar, Maráþon-styrkir, gjafir, sala jólakorta og samningur við Setrið o.fl. eiga líka þátt.

Handbært fé var 24,5 milljónir í lok ársins.

Skýrsla og ársreikningur voru samþykkt samhljóða og stjórninni hrósað fyrir glæsilegan árangur.

3. Upphæð árgjalds:

Tillaga stjórnar um óbreytt árgjald, kr. 2500, var samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar:

Engar tillögur voru um lagabreytingar.

5. Kosning stjórnar:

Formaður situr til 2015. Gunnar Felix Rúnarsson og Ólína Ólafsdóttir sitja einnig áfram í aðalstjórn. Heiða Björg Hilmisdóttir og Bergþóra Bergsdóttir voru kosnar til áframhaldandi stjórnarsetu.

Björg Ásta Þórðardóttir situr áfram sem varamaður, en Ingveldur Jónsdóttir var kosin í stað Guðmundar Löve sem ekki gaf kost á sér áfram. Guðmundi var þakkað fyrir störf hans í stjórninni.

Allir voru kosnir með lófataki og án mótframboðs.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga:

Margrét Flóvenz, löggiltur endurskoðandi KPGM, og Valdimar Leó Friðriksson gegna þessum störfum áfram.

7. Kosning þriggja fulltrúa í fulltrúaráð ÖBÍ:

Garðar Sverrisson var kosinn aðalfulltrúi á aðalfund ÖBÍ. Sigurbjörg Ármannsdóttir situr áfram sem fulltrúi á aðalfundi og Ingveldur Jónsdóttir sem varafulltrúi.

8. Kosning nefnda:

Laganefnd: Helgi Seljan, Karl Steinar Guðnason og Sigríður Jóhannesdóttir sitja áfram.

Ritnefnd: Páll Kristinn Kristinsson er ritstjóri. Aðrir í ritnefnd eru: Jón Ragnarsson, Berglind Guðmundsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir, Sigurbjörg Ármannsdóttir og Kristján Einar Einarsson. Njörður Helgason gaf ekki kost á sér áfram og var honum þakkað fyrir velunnin störf.

Funda- og fræðslunefnd: Berglind Guðmundsdóttir, Berglind Björgúlfsdóttir, Helga Þórunn Sigurðardóttir, Jóhannes Jónsson, Kristján Einar Einarsson, Lonni Björg Hansen, Ólafur Örn Karlsson, Ólína Ólafsdóttir og Vigdís Ingólfssdóttir voru kosin. Félagsmenn sem hafa áhuga voru jafnframt hvattir til að gefa sig fram við nefndir félagsins.

9. Önnur mál:

- a) *Breytingar á skipulagsskrá fyrir MS Setrið:* Björg Ásta Þórðardóttir bar fram tillögur að breytingum á skipulagsskránni. Skipulagsskráin með breytingartillögum er birt sem viðhengi með fundargerðinni. Breytingar eru með rauðu lettri. Allar tillögurnar voru samþykktar samhljóða af fundarmönnum aðalfundar.
- b) *Tillaga að nýju merki félagsins:* Bergþóra Bergsdóttir kynnti tillögu að nýju merki eða "logo" sem stjórnin leggur til að tekið verði upp. Það er hannað af Högna Sigurþórssyni, sem er grafískur hönnuður. Aðalrökstuðningur fyrir því að breyta um merki er að gamla merkið sem

er frá 1993 þykir fast í forminu, þ.e. gefur ekki mikla möguleika til að nota á marga vegu. Framundan er útgáfa fræðslubæklinga og hönnun nýrrar vefsíðu og því þykir rétt að skipta um merki nú og taka upp merki sem léttara er yfir.

Mynd af nýja merkinu fylgir hér að neðan :



Kjarninn í blóminu og stilkurinn eiga að tákna heila og mænu og krónublöðin fimm atriði sem eru til stuðnings fólki með MS, þ.e. MS samtök, stuðningur, þjónusta, læknavísindi og fræðsla. Blómið í heild er tákn fyrir blómlega og bjarta framtíð fólks með MS og félagsins. Ýmis dæmi voru sýnd um útfærslur á merkinu og notkunarmöguleika. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með nýja merkið og var samþykkt samhljóða að taka það upp sem merki félagsins. Ákveðið var að halda sig við sama lit og í gamla merkinu þ.e. fjólubláan.

c) Sigurbjörg Ármannsdóttir þakkaði stjórninni fyrir frábær störf, einkum Berglindi og Ingdísi og tóku fundarmenn vel undir þau orð með lófaklappi.

Að lokum þakkaði formaður fyrir fundinn og bað fólk að þiggja veitingar. Hún tók fram að veitingar væru veglegar sökum þess að félagið ætti afmæli, en það var stofnað á þessum degi fyrir 46 árum.

Fundi slitið kl. 14.30

Skipulagsskrá

Fyrir MS-Setrið



1. gr.

MS-Setrið ses. er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili stofnunarinnar er á Sléttuvegi 5, 103 Reykjavík.

2. gr.

Stofnandi er MS-félag Íslands sem leggur jafnframt til allt stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar kr. 1.000.000 – Stofnfé skal ávallt haldast óskert að raungildi.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

3. gr.

Markmið og hlutverk sjálfseignarstofnunarinnar er rekstur dagvistar og endurhæfingarstöðvar fyrir þá sem greindir hafa verið með MS-sjúkdóminn.

Stjórn stofnunarinnar skal heimilt að eiga samstarf við aðra aðila um samnýtingu stöðvarinnar.

4. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár. Engin þeirra sem tekur sæti í stjórn má hafa framfæri sitt af starfsemi þeirri sem rekin er af stofnuninni. Stjórn MS-félags skipar stjórn stofnunarinnar og varastjórn.

Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar. Hún ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum hennar og kemur fram fyrir hennar hönd. Stjórnin ákveður starfstilhögun og setur sér starfsreglur. Hún ræður framkvæmdastjóra samannast daglegan rekstur. Til að skuldbinda stofnunina þarf undirritun tveggja stjórnarmanna. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Þá hefur formaður MS-félags Íslands, eða staðgengill hans, rétt til setu á fundum stjórnarinnar með sama rétt og framkvæmdastjóri.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) daggjöld,
- b) frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og sjóða,
- c) áheit og gjafir,
- d) vaxtatekjur af stofnframlagi ofl.
- e) Aðrar tekjur

Fjármunir þeir sem stofnunin á eða eignast skulu ávaxtaðir í nafni stofnunarinnar á sem hagstæðastan hátt í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Tekjur og eignir stofnunarinnar má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum hennar.

7. gr.

Reikningar sjálfseignarstofnunarinnar skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda sem skipaður er af stjórn til að minnsta kosti tveggja ára í senn. Áritaðir reikningar skulu sendir ársreikningaskrá Ríkisskattstjóra, eigi síðar en 30. júní fyrir hvert næstliðið ár. Einnig skulu áritaðir reikningar afhentir MS-félagi Íslands, ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið, þ.e. frá 1. janúar til 31. desember.

8. gr.

Telji stjórnin sér ekki fært að annast rekstur stofnunarinnar áfram, skal hún gefa MS-félagi kost á að taka við rekstri hennar enda verði hlutverk stofnunarinnar óbreytt.

Að MS-félagi frágengnu falla eignir stofnunarinnar til ríkisins með þeirri kvöð að hún verði áfram rekin í þjónustu MS-sjúklinga.

Eigi ekkert þessara atriða við skal ráðstafa eignum stofnunarinnar í sem líkustum tilgangi við upphaflegan tilgang hennar.

Með tillögu um slit og skipti á stofnuninni eða breytingu á rekstraraðila hennar samkvæmt grein þessari skal fara sem um breytingar á skipulagsskrá þessari sé að ræða, sbr. 9. gr.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki stjórnar MS-félags Íslands.

10. gr.

Tilkynna skal fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra um skipulagsskrá þessa

Þar sem ákvæði samþykkt þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Skipulagsskrá þessi þannig lögð fram á aðalfundi MS-félags hinn 20. september 2014 og samþykkt með meiri hluta/öllum greiddum atkvæðum.

Undirskriftir stjórnarmanna:
